

Aukafundur haldinn í sveitarstjórn Langanesbyggðar mánudaginn 22. mars 2010 á skrifstofu Langanesbyggðar kl: 20:00

Mætt voru: Siggeir Stefánsson oddviti, Nanna Steina Höskuldsdóttir, Sigurður R. Kristinsson, Hilma Steinarsdóttir, Sigurður J. Jónsson, Jóhanna Helgadóttir sem ritaði fundargerð á tölvu og Gunnólfur Lárusson.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort að einhver gerði athugasemd við fundarboðun. Engar athugasemdir voru gerðar.

Oddviti óskaði eftir að fá að setja á dagskrá fundargerðar sem lið 5, bréf frá hagsmunaaðilum í ferðaþjónustu í Langanesbyggð.

Samþykkt samhljóða.

DAGSKRÁ:

1. Fundargerð sveitarstjórnar dags. 18. mars. 2010

Lögð fram til kynningar.

Samkvæmt ákvörðun síðasta hreppsnefndarfundar verður fundargerð ÍTN tekin til afgreiðslu.

Ákveðið að fresta umræðu um fundargerð ÍTN undir liðinn starfsmannamál.

Siggeir vill koma eftirfarandi á framfæri: Það hefur aldrei staðið til að minnka hlutfall stöðu æskulýðs- og menningarfulltrúa sem snýr að æskulýðsmálum.

Siggeir áskilur sér rétt til að svara þessu nánar síðar ef þörf krefur.

Í lið tvö í fundargerð hreppsnefndar dags. 18. mars 2010 var sveitarstjóra falið að kanna málið varðandi Fjarðarveg 14, með tilliti til gildandi aðalskipulags og var skipulags- og byggingarfulltrúa Þingeyinga, Gauki Hjartarsyni falið að kanna málið og er svar hans eftirfarandi:

“Húsið að Fjarðarvegi 14 hefur varðveislugildi sem elsta íbúðarhúsið á Þórshöfn. Húsið er áberandi í götumynd aðalgötu byggðarinnar og þyrfti því annaðhvort að hverfa eða hljóta fullnægjandi endurbætur. Það virðist vel mögulegt að lagfæra það þannig að það verði byggðinni til sóma til langs tíma.“

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að veita Guðjóni Gamalíelssyni leyfi til að klæða húsið um leið og fullnægjandi teikningar liggja fyrir.

2. Niðurfelling skulda.

Fært í trúnaðarbók. Samþykkt að taka þennan lið fyrir á lokuðum fundi að þessum fundi loknum.

3. Frí frá skólanefnd fram yfir 4 maí. n.k.

Í bréfi dags 11.03.2010 frá formanni fræðslu-og menningarnefndar óskar formaðurinn eftir leyfi frá nefndarstörfum fram í maí vegna mikilla anna.

Lagt fram til kynningar.

4. Starfsmannamál.

*Samþykkt að taka þennan lið fyrir á lokuðum fundi að þessum fundi loknum en eftirfarandi bókun er gerð: „Ákveðið að sveitarstjóri fresti framkvæmd D liðar í fundargerð sveitarstjórnar frá 5. mars 2010 þar til sveitarstjórn hefur tekið lokaákvörðun um heildarskipulag þessara starfa.“
Samþykkt samhljóða.*

5. Bréf frá hagsmunaaðilum í ferðamálum í Langanesbyggð v/Gistiskálans Jórvík, dags. 19. mars 2010

Nanna Steina Höskuldsdóttir útskýrði fyrir fundarmönnum um hvað málið snýst og vék síðan af fundi.

*Sveitarstjóra falið að kynna sér málið og leggja fyrir næsta hreppsnefndarfund.
Samþykkt samhljóða.*

6. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að senda frá sér eftirfarandi:

„Sveitarstjórn Langanesbyggðar skorar á sjávarútvegsráðherra og ríkisstjórn Íslands að auka aflamark í þorski strax. Það eru öll teikn um að það sé nægur þorskur í sjónum og eins er staðan í samfélaginu á þann veg að ekki veitir af að keyra upp atvinnustigið og tekjurnar í þjóðfélaginu.“

Sveitarstjóra falið að afgreiða málið.

*Fundargerð lesin upp og samþykkt samhljóða.
Fundi slitið kl. 00:30*